

Nd.

335. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Helgi Jónasson.

1. gr.

Niðurlag 16. gr. laganna („en hlutaðeigandi atvinnurekandi . . . sektum.“) orðist svo: en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að endurgreiða bætur þær, sem slysatryggingin kann að greiða vegna slysa, sem hinir ótryggðu en tryggingarskyldu menn verða fyrir, og auk þess sæta sektum.

2. gr.

Á eftir 3. málsg. 24. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Nú lækka tekjur gjaldskylds manns, sem eigi hefir rétt til sjúkrahjálpar vegna þess, að hann hefir haft tekjur umfram það, er í fyrstu málsg. segir. Skal hann þá fá rétt til sjúkrahjálpar frá 1. júlí, ef hann fyrir þann tíma færir sönnur á, að tekjur hans hafi á næsta almanaksári á undan farið niður fyrir áðurgreint hámark. Tilsvaramandi ákvæði gilda, er tekjur samlagsmanns fara yfir fyrrgreint hámark.

3. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Í hverjum kaupstað skal starfa sérstakt sjúkrasamlag. Ráðherra skipar formann samlagsins og varaformann eftir tillögum tryggingarráðs, en bæjarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn og jafnmarga til vara, eftir því sem bæjarstjórn ákveður. Skal kosning þeirra jafnan fara fram eftir hverjar bæjar- eða sveitarstjórnarkosningar.

4. gr.

Á eftir 28. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og greinatalan breytist samkvæmt því):

Nú er heimavistaraskóli fyrir fólk yfir 16 ára aldur starfandi í sveitarfélagi, þar sem eigi hefir verið stofnað sjúkrasamlag, og er þá ráðherra heimilt, ef meiri hluti nemenda og starfsfólks skólans óskar þess og Tryggingarstofnun ríkisins mælir með

því, að ákveða, að þar skuli stofna skólasjúkrasamlag, enda sé við stofnun þess fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar innan sama sveitarfélags vera um samlagið.
2. Allir nemendur og starfsmenn skólans, eldri en 16 ára, svo og þeir, sem skólavist hafa með sérstakri undanþágu frá því aldurstakmarki, sem eigi hafa rétt til sjúkrahjálpar sem meðlimir annara sjúkrasamlaga og eigi eru haldnir alvarlegum langvinnum, virkum sjúkdómi, hafa rétt og skyldu til að vera í samlaginu, svo og skyldulið starfsmanna. Þeir, sem hafa yfir 4500 króna skattskyldar árstekjur, fá því aðeins réttindi til sjúkrahjálpar, að þeir greiði tvöfalt iðgjald.
3. Meðlimatala samlagsins sé eigi lægri en 40 og dvalartími nemenda eigi skemmri en 6 mánuðir. Lágmarksréttindi séu þau, sem greinir í 30. gr. 1.—3. tölulið.
4. Trygging nemenda og starfsfólks, sem búsett er utan hreppsins, nær aðeins til kennslutímabilsins eða þess tíma, sem þeir dvelja á skólastaðnum, og gildir aðeins fyrir þá sjálfa, enda séu iðgjöld þeirra miðuð við, að þeir öðlist réttindi án biðtíma. Ef nemandi verður að hverfa af skólanum vegna veikinda eða er veikur þegar skólanum er slitið, er samlagsstjórn þó heimilt að greiða sjúkrakostnað fyrir hann allt að einum mánuði. Aðrir meðlimir halda tryggingunni við óslitið og geta látið hana ná til barna sinna.
5. Samlaginu sé heimilt að veita viðtöku mönnum, búsettum í nágrenni skólans, með sömu skyldum og réttindum og starfsfólki, búsettu á skólastaðnum.
6. Nánari ákvæði skal setja í samþykkt samlagsins, sem ráðherra staðfestir. að fengnum tillögum tryggingarstofnunarinnar.

Nú er skólasamlag stofnað samkvæmt því, er að framan segir, og greiðir þá ríkissjóður framlag í sjóð samlagsins, er nemur 50% greiddra iðgjalda frá nemendum og starfsfólki, sem búsett er utan hreppsins, og 25% af iðgjöldum annara samlagsmanna.

Sveitarsjóður greiðir í sjóð samlagsins upphæð, er nemur 25% af iðgjöldum samlagsmanna búsettra í hreppnum. Framlag ríkissjóðs og sveitarsjóðs má þó aldrei fara fram úr 10 krónum á ári frá hvorum aðila fyrir hvern meðlim.

5. gr.

Eftir 3. málsgr. 30. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem sjúkrasamlög hafa verið stofnuð samkvæmt þessum lögum og starfandi er skóli eða skólar fyrir fólk yfir 16 ára aldur, sem búsett er utan kaupstaðarins eða hreppsins, enda sé tala slíkra nemenda eigi lægri en 40, skal setja í samþykkt hlutaðeigandi samlags sérákvæði um iðgjaldagreiðslur slíkra utanhéraðsmanna, og skal miða iðgjaldið við það, að þeir öðlist réttindi án biðtíma. Tryggingin nái aðeins til þeirra sjálfra og aðeins til þess tíma, er þeir dvelja á skólastaðnum. Framlag ríkissjóðs til samlagsins vegna þessara nemenda skal vera 50% af iðgjaldagreiðslu þeirra.

6. gr.

Næstsíðasta málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Sjúkrasamlögum er heimilt að gera samninga um gagnkvæm réttindi og skyldur meðlima sinna, þannig að sjúkrasamlagsmeðlimir, sem dvelja mánuð eða lengur á samlagssvæði annars samlags, t. d. í atvinnu eða við nám, og þarfnast þar sjúkrahjálpar, njóti fullra meðlimsréttinda hjá sjúkrasamlagi dvalarstaðarins. Þegar slíkur samningur er gerður, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða, sjúkrahúsa og annara, sem láta sjúkrahjálp í té vegna slíkra meðlima, eftir sömu reglum og gilda um greiðslur fyrir meðlimi sjúkrasamlags dvalarstaðarins. Nú takast eigi slíkir samningar milli allra sjúkrasamlaga, og getur þá Tryggingarstofnun ríkisins, með samþykki ráðherra, sett reglur um, að slíkir meðlimir skuli njóta sömu réttinda og kjara á samlagssvæði annara samlaga og aðrir meðlimir þeirra, enda endurgreiði þá sjúkrasamlag þeirra þann kostnað, sem sjúkrasamlag dvalarstaðarins hefir vegna slíkra meðlima. Sama

máli gegnir um erlenda ríkisborgara, ef samningar eru gerðir samkvæmt 89. gr. þessara laga. Slíkir samningar um gagnkvæm réttindi samlagsmeðlima taka þó eigi til þeirra meðlima, er koma veikir eða í því skyni að leita sér lækninga á öðru samlagssvæði.

7. gr.

Aftan við 30. gr. laganna bætist: kostnað vegna kynsjúkdóma og ekki hælis- eða sjúkrahúsvist berklasjúklinga, sem smitunarhætta stafar af, né heldur geðveikra-sjúklinga, sem eru hættulegir sér eða umhverfinu.

8. gr.

- a. Aftan við 1. másl. 36. gr. laganna bætist: Skal stjórn þess þá snúa sér til Tryggingarstofnunar ríkisins og leita aðstoðar hennar til þess að rétta við hag samlagsins.
- b. Í stað „Skal stjórn þess þá“ í næsta másl. sömu lagagr. komi: Jafnframt skal stjórnin gera.

9. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ef tryggður maður veikist utan samlagssvæðisins, á hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærri en ef hann hefði notið hans á samlagssvæðinu.

Nú vill samlagsmaður leita sér læknishjálpar utan samlagssvæðisins, og er samlagsstjórn þá á sama hátt heimilt að greiða kostnað af þeirri læknishjálp, enda sæki samlagsmaður um það fyrirfram til samlagsins og fái meðmæli trúnaðarlæknis eða samlagslæknis, ef enginn er sérstakur trúnaðarlæknir.

10. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú flyzt tryggingarskyldur maður, sem er tryggður í sjúkrasamlagi, í umdæmi annars sjúkrasamlags. Verður hann þá tryggingarskyldur þar og öðlast full réttindi í því samlagi án biðtíma. Hafi hann greitt iðgjald fyrirfram til samlags þess, er hann var meðlimur í, fyrir lengri tíma en einn mánuð, skal sá hluti fyrirframgreiðslunnar, er fellur á tímenn eftir flutninginn, ganga til þess samlags, sem við honum tekur. Tryggingarstofnun ríkisins getur sett nánari reglur um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga, þar á meðal um slíka flutninga sjúkra manna.

11. gr.

2., 3. og 4. málsgr. 40. gr. laganna falli niður. Í stað þeirra komi:

Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld tryggingarskyldra, lögskráðra sjómanna, enda taki þá sjúkrasamlagið á sig áhættu þá, sem á útgerðarmanni hvílir samkv. 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, að svo miklu leyti sem hún fellur saman við hlunnindi þau, sem samlagið veitir samkvæmt samþykktum sínum.

Heimilt skal útgerðarmanni að semja við sjúkrasamlag um, að það taki að sér gegn aukagjaldi þá áhættu, sem útgerðarmaður ber samkvæmt sjómannaölgum og umfram er þá áhættu, sem sjúkrasamlagið tekur á sig samkvæmt samþykktum sínum.

12. gr.

Á eftir „sökum sjúkdóms“ í fyrstu málsgr. 41. gr. laganna komi: eða slyss.

13. gr.

Aftan við 1. másl. 42. gr. laganna bætist: ef hlutaðeigandi samlagsstjórn óskar þess.

14. gr.

1. málsgr. 50. gr. laganna orðist svo:

Undanþegnir hinni árlegu iðgjaldgreiðslu samkvæmt 49. gr. eru þó þeir, sem:

1. njóta örorkulífeyris úr Lífeyrissjóði Íslands,

2. njóta opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum langvinnum sjúkdómum,
3. dvelja í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum samkvæmt opinberri ráðstöfun,
4. greiða iðgjöld samkvæmt sérákvæðum 62. gr. hér á eftir.

15. gr.

- a. Á eftir orðunum „gera skrá“ í 1. málsg. 61. gr. laganna komi: í tveimur eintökum.
- b. 2. másl. 2. málsg. orðist svo:

Annað eintak gjaldskrárinnar sendist síðan lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), sem annast innheimtuna, hitt eintakið Tryggingarstofnun ríkisins.

16. gr.

- a. 2. másl. 1. málsg. 62. gr. laganna orðist svo: Embættismenn og barnakennarar greiða framvegis iðgjöld í sjóði þessa eftir sömu reglum og áður, enda eru þeir og konur þeirra ekki tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum þessara laga um elli- og örorkulífeyri.
- b. 2. málsg. sömu lagagr. orðist svo:

Um gjaldskyldu sjóðfélaga í eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands samkv. lögum nr. 10 15. apríl 1928 og sjóðfélaga í eftirlaunasjóði Útveggsbanka Íslands fer eftir 49. gr. síðustu málsg.

G r e i n a r g e r ð .

Fyrir yfirstandandi Alþingi liggur frumvarp til laga um breyting á lögum um alþýðutryggingar, og eru flutningsmenn þess Haraldur Guðmundsson, Jakob Möller og flm. þessa frumv. Fjallar það aðallega um stofnun skólasamlaga, en auk þess eru nokkrar smávægilegar breytingar á lögum, sem aðallega snerta framkvæmd þeirra. Frumvarp þetta með tilheyrandi greinargerð er tekið að mestu óbreytt upp í frumvarp það, sem nú er lagt fyrir Alþingi, en nokkrum breytingartillögum hefir verið bætt við. Eru þær í samræmi við tillögur, sem samþykktar voru á fulltrúafundi sjúkrasamlaganna, sem haldinn var í Reykjavík dagana 19.—21. júní 1939.

Síðan lögum um alþýðutryggingar gengu í gildi hafa oftast en einu sinni borizt umleitanir til tryggingarstofnunarinnar frá alþýðuskólum í sveitum, þar sem farið hefir verið fram á, að skólasamlög yrðu viðurkennd og þeim veittur ríkisstyrkur. Samkvæmt lögum um alþýðutryggingar er eigi heimilt að styrkja slík samlög, þar sem lögum alls ekki ná til annara sjúkrasamlaga en þeirra, sem lögboðin eru í kaupstöðum, og samlaga utan kaupstaða, sem ná yfir eitt hreppsfélag eða fleiri og allir hreppsbúar eru skyldir til að vera í. Samkv. lögum nr. 103/1933, um sjúkrasamlög, er numin voru úr gildi með lögum um alþýðutryggingar, var hinsvegar heimild til að lögskrá sjúkrasamlög fyrir skóla, að fullnægðum vissum skilyrðum, og áttu þau þá rétt til styrks úr ríkissjóði á sama hátt og önnur samlög.

Það verður að teljast að ýmsu leyti eðlilegt og sanngjarnt, að skólasamlögum verði á ný veittur ríkisstyrkur, þar sem almenn sjúkrasamlög hafa ekki verið stofnuð, og nemendum í skólum, þar sem almenn sjúkrasamlög eru fyrir, veitt nokkur sérstaða í samþykktum samlaganna. Í fyrsta lagi hlýtur að sjálfsögðu að verða nokkur bið á því, að samlög verði stofnuð um land allt, þar sem þau eru ekki beinlínis lögboðin. Hinsvegar gætu skólasamlög orðið til þess að auka á vinsældir sjúkratrygginga og þannig orðið undanfari almennra sjúkrasamlaga. Ennfremur má benda á, að nemandur í unglingskólum hafa mörgum öðrum fremur þörf fyrir sjúkratryggingar, m. a. vegna meiri sýkingarhættu í sambandi við þéttbýli og nána samveru, og auk þess getur kostnaður af sjúkdómum komið mjög hart niður á heimilum unglingsanna, er hann bætist við þann aukakostnað, sem þau hafa af sjálfri skólavistinni.

Reglur sjúkrasamlaganna um biðtíma o. fl. eru ekki miðaðar við þarfir skóla-

fólks, sem e. t. v. dvelur aðeins 6—8 mánuði á sjúkrasamlagssvæðinu, og mælir það einnig með því, að sett verði sérákvæði um iðgjaldagreiðslur slíkra utanhéraðsmanna.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram:

Um 1. gr.

Núgildandi ákvæði 16. gr. hafa reynzt mjög erfið í framkvæmd, og er því lagt til, að tekið sé upp samskonar ákvæði og gildi í hinni upprunalegu slysaftryggingu sjómanna.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt er að hafa skýr tímamörk, þegar samlagsmaður missir eða öðlast réttindi vegna breytinga á tekjum, yfir eða undir hámark, frá ári til árs.

Um 3. gr.

Í núverandi ákvæðum um stjórn samlaganna er ekki gert ráð fyrir varamönnum, og getur það verið mjög óþægilegt, ef stjórnarmeðlimir eru langdvölum utan samlags-svæðis, sem oft getur komið fyrir. Ennfremur þykir ástæðulaust, að skipt sé um menn í stjórn á hverju ári, og er talið eðlilegt, að þeir séu kosnir til jafnlangs tíma og bæjar- eða sveitarstjórnir þær, sem kjósa þá.

Um 4. gr.

Á fylgiskjalinu er yfirlit um nemendafjölda í æðri skólum skólaárið 1938/39, sem fræðslumálaskrifstofan hefir látið í té. Það þykir ekki fært, að meðlimatala skólasam-laga sé lægri en 40, enda geta þá velflestir skólarnir notað sér ákvæði laganna, að und-anteknum húsmæðraskólunum, sem því aðeins geta það, að talsverður hópur starfs-manna og skylduliðs þeirra bætist við.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að í kaupstöðum og hreppum, þar sem stofnuð hafa verið sjúkrasamlög innan alþýðutrygginganna og skólar starfa með verulegum fjölda nem-enda, sem búsettir eru utan samlagssvæðisins, séu sett sérstök ákvæði í samþykktir samlaganna, m. a. um að slíkir meðlimir öðlist réttindi án biðtíma.

Um 6. gr.

Núgildandi ákvæði gerir ráð fyrir gagnkvæmum samningum á milli samlaganna um meðlimsréttindi samlagsmanna, sem dvelja á öðru samlagssvæði. Talsverðir erfið-leikar geta verið á því, að slíkir samningar komist á, sérstaklega eftir því, sem sam-lögunum fjölgar. Virðist því ekki óeðlilegt að gefa tryggingarstofnuninni heimild til, með samþykki ráðherra, að setja reglur, er komi í stað slíks samnings, enda sé því samlagi, sem tekur á móti meðlimum annars samlags til bráðabirgða, tryggt endur-greiðsla á þeim kostnaði, sem það kann að hafa þeirra vegna. Ennfremur er skýrar ákveðið á um það, að þau réttindi, sem slíkir meðlimir njóta, jafngildi að öllu leyti meðlimsréttindum hjá samlagi dvalarstaðarins.

Um 7. gr.

Vegna ágreinings, sem upp hefir komið um það, hvort sjúkrasamlögum beri skylda til að greiða kostnað vegna kynsjúkdóma, eru hér tekin af öll tvímæli um það og sömuleiðis lagt til, að þau greiði ekki sjúkrahús- eða hælisvist berklasjúklinga, sem smitunarhætta stafar af. Lækningar kynsjúkdóma og hælisvist smitandi berkla-sjúklinga eru heilbrigðisráðstafanir, sem álitnar eru fyrst og fremst nauðsynlegar vegna almenns öryggis, og því eðlilegt, að hið opinbera greiði fyrir þær, að svo miklu leyti, sem efnahagur sjúklinganna leyfir það ekki, að þeir geri það sjálfir.

Um 8. gr.

Vegna hins nána sambands, sem er á milli samlaganna og tryggingarstofnunar-innar, þykir rétt, að þau snúi sér í öllum tilfellum fyrst til hennar, ef gera þarf ráð-stafanir til þess að rétta við hag samlaganna, og þannig hefir það orðið í framkvæmd.

Um 9. gr.

Eins og 38. gr. er orðuð nú, mætti e. t. v. skilja hana þannig, að samlögumum bæri skilyrðislaust að greiða hverja þá sjúkrahjálp, sem samlagsmaður kynni að hafa notið utan samlagssvæðis, hvort sem hann hefði getað fengið slíka hjálp á samlagssvæðinu eða ekki, en slíkt hefir vitanlega aldrei verið tilætlunin. Er því lagt til, að greinin sé orðuð ótvíræðara en áður og samlagsstjórnnum gefið tvímælalaust vald til þess að koma í veg fyrir, að ákvæði hennar sé misnotað.

Um 10. gr.

Í stað þess að nú er gert ráð fyrir í lögumum, að samlagsmaður, er flytur á annað samlagssvæði, skuli hafa rétt til sjúkrahjálpar á því tímabili, sem hann hefir greitt iðgjald fyrir, og verður þá ekki tryggingarskyldur í öðru samlagi fyrr en tryggingartími hans er útrunninn þar, sem hann áður var (sbr. niðurlag 39. gr.), er hér lagt til, að hann verði þegar tryggingarskyldur á þeim stað, er hann flytur til, en samlagið, sem tekur við honum án biðtíma, fái þá iðgjaldagreiðslu, sem kann að hafa verið greidd fyrirfram, umfram 1 mánuð.

Þetta virðist að öllu leyti eðlilegra og einfaldara, þar sem núgildandi ákvæði geta bakað samlögumum óþarfa útgjöld og umstang án þess hinir tryggðu séu betur settir.

Um 11. gr.

Núgildandi ákvæði 40. gr., 2., 3. og 4. málsg., hafa reynzt lítt framkvæmanleg. Gert er ráð fyrir, að útgerðarmenn semji við samlögin um, að þau taki að sér áhættu þá, sem þeir bera samkv. 27. og 28. gr. sjómannaálaganna. Aðeins eitt samlag (sjúkra-samlag Ísafjarðar) hefir gert slíka samninga, og þó ekki við alla útgerðarmenn staðarins, enda er mjög óhægt um slíka samninga, þegar mjög margir aðilar eiga í hlut, jafnvel svo hundruðum skiptir innan eins samlagssvæðis, eins og í Vestmannaeyjum. Hinsvegar er endurkröfuréttur samlaganna hvergi nærri fullnægjandi fyrir þau, meðal annars vegna þess, hvernig samningum við lækna er háttáð. Samlögin greiða víðast fastagjald til lækna fyrir hvern samlagsmann, en eiga aðeins „endurkröfurétt á útgerðarmenn á þeim kostnaði, sem það kann að hafa greitt vegna veikinda skipverja“, en fastagjaldið er greitt einnig fyrir þá, sem ekki veikjast. Afleiðingin hefir því orðið sú, að sjómennirnir hafa yfirleitt verið látnir greiða fullt iðgjald, enda þótt það sé ekki tilgangur laganna. Einnig mun hitt og alltitt, að sjómenn hafi ekki haldið við tryggingunni vegna þess, að þeir telji sig tryggða hjá útgerðinni. Það er því óhjákvæmilegt að breyta áðurnefndum ákvæðum, og virðist einfaldasta leiðin sú, að útgerðarmenn taki að sér að greiða iðgjöld lögskráðra sjómanna. Þarf ekki að gera ráð fyrir, að það auki kostnað útgerðarmanna miðað við það, að sjómennirnir væru ótryggðir, þar sem allur kostnaður verður þá að greiðast eftir taxa. Samlögin njóta auk þess opinbers styrks, og færast því nokkuð af kostnaðinum raunverulega yfir á hið opinbera.

Um 12. gr.

Enda þótt ætla megi, að ákvæði greinarinnar nái einnig til sjúkdóma af völdum slysa, þykir samt rétt að taka það skýrt fram.

Um 13. gr.

Er í samræmi við framkvæmd laganna, en rétt þykir að taka af öll tvímæli.

Um 14. gr.

Það virðist óeðlilegt, að þeir, sem svo stendur á um, er segir í greininni, þ. e. þeir, er njóta örorkulífeyris, opinbers styrks, dvelja í fangelsum o. s. frv. eða greiða iðgjöld til annars sjóðs, skuli greiða iðgjald til lífeyrissjóðs Íslands, en nú verða þeir því aðeins undanþegnir þeirri skyldu, að „allt undanfarið ár“ hafi staðið svo á fyrir þeim, er fyrr segir.

Um 15. gr.

Skrá þá, er hér um ræðir, er nauðsynlegt að hafa í tveimur eintökum, annað fyrir Tryggingarstofnun ríkisins, hitt fyrir innheimtumenn.

Um 16. gr.

Fyrri breyting er aðeins orðalagsbreyting, þar sem núverandi orðalag gæti valdið misskilningi. Um síðari breytinguna er það að segja, að óttast má, að eftirlaunasjóðir annara stofnana komi fljótlega með kröfur um samskonar undanþágu og eftirlaunasjóðum bankanna er veitt, en þeim virðist hinsvegar full sanngirni sýnd, þótt þeir komi undir hið almenna ákvæði 49. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Nemendafjöldi í æðri skólum skólaárið 1938—1939.

| | |
|--------------------------------------|-----|
| Í héraðssk. Reykholti | 100 |
| - — Núpi | 47 |
| - — Reykjanesi (Ísaf.) | 42 |
| - — Reykjum | 60 |
| - — Laugum | 74 |
| - alþýðusk. að Eiðum | 49 |
| - — Laugarvatni | 169 |
| - bændaskólunum | 110 |
| - menntask. í Reykjavík | 259 |
| - — á Akureyri | 280 |
| - kennaraskólanum | 81 |
| - iðnskólanum í Reykjavík | 220 |
| - iðnskólum utan Reykjavíkur | 250 |
| - verzlunarskólanum | 300 |
| - samvinnuskólanum | 52 |
| - stýrimannaskólanum | 70 |
| - vélstjóráskólanum | 20 |
| - kvennaskólunum | 175 |
| Húsmæðraskólar: | |
| Staðarfalli | 22 |
| Ísafirði | 15 |
| Laugalandi | 28 |
| Laugum | 18 |
| Hallormsstað | 25 |
| Vík í Mýrdal | 0 |
| Hveragerði | 13 |
| Í gagnfræðask. í Reykjavík | 260 |
| - — Reykvíkinga | 139 |
| - — Flensborg, Hafnarf. | 120 |
| - — á Ísafirði | 80 |
| - — á Ísafirði, vinnudeild | 20 |
| - — Siglufjarðar | 62 |
| - — Akureyrar | 92 |
| - — Neskaupstaðar | 28 |
| - — — kvölddeild | 22 |
| - — Vestmannaeyja (meðalt. 60) | 70 |
| - unglingskólum | 650 |
| - hljómlistarskólanum | 53 |
| - alþýðusk. Reykjavíkur | 55 |